

Formannskjör FFR 2018 Rafræn atkvæðagreiðsla


- ✓ Allir atkvæðisbærir félagsmenn í Félagi forstöðumanna hafa rétt á að kjósa í kosningunni. Athugið að það má kjósa eins oft og hver vill, aðeins seinasta atkvæðið mun gilda.
- ✓ Félagsmaður fer inn á heimasíðu Félags forstöðumanna ríkisstofnana (<http://www.ffr.is>) og smellir þar á tengil sem á stendur:

„Formannskjör 2018 - Rafræn kosning.“

- ✓ Þá opnast þessi gluggi sem eftir innskráningu opnar leið að atkvæðaseðli.

- ✓ Hægt er að auðkenna sig/skrá sig inn til að greiða atkvæði með Íslykli eða rafrænum skilríkjum á farsíma eða snjallkorti.
 - Ef þú vilt auðkenna þig með rafrænum skilríkjum þá slærð þú inn GSM símanúmer þitt inn í svæðið „Símanúmer“. Að því loknu smellir þú á hnappinn „Innskrá“, þá koma boð í síma þinn þar sem þú ert beðin um að slá inn „pin“ númer þitt. Ef þú ert á kjörskrá þá birtist kjörseðillinn.
 - Ef rafrænu skilríkin í símanum þínum eru óvirk má snúa sér til næsta bankaútibús til að fá skilríkin virkjuð.
 - Ef þú vilt auðkenna þig með Íslykli þá slærð þú inn kennitölu þína inn í svæðið „Kennitala“ og Íslykilinn þinn inn í svæðið „Íslykill“. Að því loknu smellir þú á „Staðfesta“. Ef þú ert á kjörskrá þá birtist kjörseðillinn.
 - Ef þú ert ekki með virkan Íslykil má sækja nýjan Íslykil með því að smella á „**Mig vantar Íslykil**“.
 - **Þá þarft að slá inn kennitölu og velja að senda lykil í heimabanka.**
 - Farðu inn á heimabankann þinn undir rafræn skjöl, þar er nýr Íslykill sennilega þrjú orð með punkti á milli.
 - Skrifaðu þennan Íslykil inn í Word skjal því algengustu vandræðin eru innsláttarvilla þegar viðkomandi ætlar að skrá sig inn.
 - Farðu aftur inn á heimasíðu FFR (<http://www.ffr.is>)

- Veldu tengilinn fyrir kosninguna (sjá ofar), þegar innskráningarsíðan birtist sláðu inn kennitölu og afritaðu Íslykilinn þinn úr Word skjalinu og ýttu á „**Staðfesta**“.
 - Nú þarft þú að búa til nýjan Íslykil, hann þarf að vera 10 stafir gott að nota orð eða nafn með punkt á milli og tölustafi í restina (bara uppástunga), settu síðan inn GSM númer og netfang og ýttu svo á „Staðfesta“.
 - Eftir að þú ýttir á „Staðfesta“ ættir þú að sjá atkvæðaseðilinn.
- ✓ Opnast nú „Atkvæðaseðill“. Þar er merkt í „Já“ eða „Nei“ eða „Skila auðu“ og atkvæðinu skilað með því að smella á „Kjósa“.



- ✓ Félagsmaður sem telur sig eiga atkvæðisrétt en er ekki inni á kjörskrá getur haft samband við skrifstofu FFR, netfang: ffr@ffr.is sími: 852 7300.